

## Vei! Æ nei!

Þessi vinnuaðferð styður nemendur við að kynnast ólíkum sjónarhornum og hjálpar þeim læra að hugsa út frá bæði björtu og dekkri hliðum lífsins. Aðferðin hvetur þá líka til að vera skapandi í hugsun.

Til viðbótar við þessa grunnstoð styður verkefnið grunnstoðirnar "Að læra með því að hugsa" og "Að læra gegnum ígrundun og mat."

### Áætluð útkoma - Nemendur eiga að:

- geta íhugað aðstæður, fullyrðingu ... á jákvæðan eða neikvæðan hátt.
- geta skoðað mismunandi sjónarhorn á viðfangsefni.

### Efni

- Blaðagrein, saga, skýrsla, frétt o.fl.

Í kennslustund	Blandað nám
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Vinnublað Vei! Æ nei!</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Búðu til reikning fyrir Google Jamboard</li> <li>• Spjaldtölva/fartölva fyrir hverja tvo nemendur (pör) til að vinna á Google Jamboard</li> </ul> <p><a href="#">Frekari upplýsingar um stafræn verkfæri</a></p>

### Undirbúningur

- Finndu sögu eða áskorun sem þau geta rætt um.
- Skiptu nemendum í pör.

Í kennslustund	Blandað nám
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Gefðu hverju pari vinnublaðið Vei! Æ nei!</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Farðu á Google Jamboard, búðu til Google reikning eða skráðu þig inn með reikningnum þínum</li> <li>• Á Jamboard: settu upp ramma með tveimur hliðum: Vei! Æ nei! (sjá dæmi hér neðar) fyrir hvert par.</li> <li>• Gakktu úr skugga um að borðið sé deilanlegt og breytanlegt með því að smella á 'deila' og setja stillinguna á 'breyta'.</li> <li>• Deildu tenglinum með nemendum þínum í skrefi 2.</li> </ul>

## Skref fyrir skref leiðbeiningar

### 1 kynning

Lestu greinina, söguna eða horfðu á frétt með nemendum. Dragðu svo innihaldið stuttlega saman. Skrifðu á töfluna ástand, staðreynd eða yfirlýsingu sem þú vilt kanna kosti og galla á.

### 2 Fyrstu skref

Segðu nemendum að þeir verði beðnir um að hugsa jákvætt eða neikvætt um málefni, yfirlýsingu eða aðstæður. Kynntu þeim æfinguna.

Skiptu nemendum í tveggja manna hópa (pör). Úthlutaðu hverju pari spjaldtölvu/fartölvu og gefðu upp hlekkinn á Google Jamboardborðið. Úthlutaðu hverjum hópi einum ramma á Google Jamboard. Í hverju pari bregst einn nemandi jákvætt við (Vei!) hinn nemandinn bregst neikvætt við (Æ nei!).

Komdu með yfirlýsingu eða aðstæður t.d. sumarfrí verður 4 vikur í stað 6 vikna.


- Þeir nemendur sem eru beðnir um að hugsa jákvætt geta staðið upp og sagt " Vei!" og deilt rökum sínum.
- Þeir nemendur sem eru beðnir um að hugsa neikvætt geta staðið og sagt " Æ nei! " og deilt rökum sínum.

Þetta þýðir að sumir nemendur eru kannski ekki að deila eigin skoðun vegna þess að þeir eru beðnir um að hugsa og líta á tilteknar aðstæður á gagnstæðan máta. Um leið og nemendur þekkja þessa aðferð geturðu beitt henni á valið efni.

### 3 Paravinna

Deildu yfirlýsingu og bjóddu nemendum að hugsa lengra. Nemendur vinna í pörum á spjaldtölvunni/fartölvunni.

- 1 barn hugsar jákvætt, lítur á efnið frá björtu hliðinni.
- 1 barn hugsar neikvætt, lítur á efnið frá dekkri hliðinni.



Nemendur skrifa rökin sín á svæðið sem samsvarar sjónarmiðum þeirra. Síðan bera þeir rökin saman í pörum.

- Hvað finnst þér jákvætt við ...? Af hverju finnst þér það?
- Hvað finnst þér neikvætt við ...? Af hverju finnst þér það?

Þegar hvert par er búið að skrifa og tala um álitamálið koma tvö pör saman í fjögurra manna hópa og skiptast á sjónarmiðum.

- Hvað finnst þér jákvætt við ...? Af hverju finnst þér það?
- Hvað finnst þér neikvætt við ...? Af hverju finnst þér það?

Bekkjarumræða:

- Hafðir þú sömu eða ólík rök?
- Hvaða rök voru ný fyrir þér?

#### 4 Ígrundun

- Hvað nákvæmlega bað ég þig að gera?
- Fannst þér erfitt að verða að hugsa jákvætt/neikvætt? Útskýrðu af hverju.
- Af hverju er þessi æfing gagnleg?
- Á hvaða málefni myndir þú (vilja) beita þessari æfingu á næst?